



Grunnskólinn Hellu

b.t. Ingibjargar Heiðarsdóttur og Særúnar Sæmundsdóttur

Útskálar 6-8

850 Hella

Reykjavík, 3. maí 2016

Efni: Vegna Grænfánaúttektar 2. maí sl.

Kæru Ingibjörg og Særún,

Bestu þakkir fyrir góðar móttökur í úttektinni. Hér að neðan er endurgjöf til ykkar ásamt niðurstöðum úttektarinnar.

Okkur langar að byrja á að nefna að við hjá Landvernd erum búin að taka út starf okkar í Skólum á grænni grein og endurmeta það til að gera verkefnið markvissara og styðja betur við starf skólanna. Við höfum unnið mikið í að bæta upplýsingaflæði frá okkur og að gera vinnulagið skýrara.

Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir helstu nýjungar sem þróaðar hafa verið og ættu að auðvelda skólum ferlið og við kynntum á landshlutfundum s.l. haust, hægt er að smella á hvern lið til að nálgast upplýsingar:

- [Nýtt umhverfismat](#)
- [Markmiðssetningareyðublað](#)
- [Verkefnakista](#)
- Matsblað fyrir úttektaraðila – sjá viðhengi

Þið unnuð með þemun úrgang, samgöngur, áttþaga og vistheimt á tímabilinu.

Markmið:

Hér verða tekin fyrir þau markmið sem bættust við frá síðasta tímabili:

1. markmið: Að auka þekkingu okkar og virðingu fyrir umhverfinu og læra að umgangast jörðina í anda sjálfbærrar þróunar.

Hvernig tókst til: Ýmislegt hefur verið gert til að stuðla að þessu og bera verkefnin sem unnin hafa verið þess glögg merki að virðing fyrir umhverfi og sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í skólanum. Samgöngukönnunin kemur þar sterk inn og væri gaman að sjá henni fylgt eftir með það að markmiði að fleiri kæmu á sjálfbæran hátt í og úr skóla. Þetta er verðugt verkefni fyrir næsta tímabil. Þið gætuð t.d. tekið fyrir þemað loftslagsbreytingar og fléttað inn í það bæði áttak í samgöngumálum og vistheimtarverkefnið. Útungunarverkefnið hjá 5. bekk er annað dæmi um þetta og er það mjög gott ☺

2. markmið: Að leggja áherslu á góða umgengni inni og úti.

Hvernig tókst til: Grænfánaspæjarverkefnið var flott aðgerð innan þessa markmiðs. Gaman að nemendur tóku út stofurnar og sáu hvað þurfti að bæta innan stofanna til að bæta umgengnina. Líka flott að nemendur sáu um að leiðbeina – enda á verkefnið að vera fyrir nemendur og gert af nemendum að sem allra mestu leyti.

3. markmið: Að efla útinám í nærumhverfi

Hvernig tókst til: Gaman að lesa og heyra um hvað skólinn er virkur í útikennslu, mjög gott að útikennsla sé föst í töflu. Fram kemur að til standi að gera útikennsluna enn markvissari og hvetjum við ykkur til þess. Hægt er að koma upp verkefnabanka innan skólans með verkefnum sem nýta má úti – en flestar námsgreinar má kenna úti með einhverjum hætti ☺ Skólinn tekur þátt í vistheimtarverkefninu sem er mjög góð leið til að efla útinám og kynna nemendur fyrir aðferðum sem nýta má við endurheimt vistkerfa á lifandi og skemmtilegan hátt. Til að flétta inn öðrum þáttum sjálfbærni í vistheimtarverkefnið gæti skólinn prófað hlutverkaleik sem Guðrún Schmit þróaði sem framhald af vistheimtarverkefninu. Það er afar góð leið til að dýpka vistheimtarverkefnið og efla þekkingu og skilning á meðal nemenda.

4. markmið: Að kynna vinnu okkar og stefnu og gera hana sýnilega á ýmsan hátt.

Hvernig tókst til: Skólinn fór í heimsókn í Þjórsárskóla og fékk heimsókn frá Hvolsskóla en mjög gott er að tengjast öðrum skólum og ekki síst öðrum Grænfánaskólum ☺ Könnun var gerð á notkun fjölnota poka á heimilum – gott ☺ Fram kom að skólinn vilji halda áfram með samgöngubemað – það gæti verið einn liður í vinnu með þemað loftslagsbreytingar! Tala við Caitlin um það, passar líka vel við vistheimtarverkefnið. Kynning á vistheimtarverkefninu á umhverfisþingi – gott ☺

5. markmið: Að efla þátttöku allra nemenda með markvissum hætti á grænfánadegi og á þemadögum þegar það á við.

Hvernig tókst til: Gaman að skólinn sé með Grænfánadag og er frábært að efla þátttöku nemenda. Ekki kom skýrt fram hvað hafði verið gert til að efla þátttökuna og láðist okkur að spyrja um það í úttektinni! „Á bæjarhellunni“ er flott verkefni með skýra Grænfánatengingu, ekki bara þar sem verið er að endurvinnna efni á starfsstöðvunum heldur hefur það ennig skýra tengingu við samfélagsleg- og efnahagsleg málefni, en allt er þetta liður í sjálfbærnimennt. Hægt væri að stuðla enn frekar að þessu t.d. með því að bjóða upp á vöru/þjónustuskipti þannig að gjaldmiðillinn sé ekki alltaf „hellur“.

Samantekt markmiða:

Skólinn uppfyllti þau markmið sem hann setti sér og vann flott verkefni innan hvers markmiðs. Við hvetjum ykkur til að setja markmiðin upp með markvissari hætti á næsta tímabili og skilgreina aðgerðir innan hvers markmiðs. Sjá umræðu í skrefi þrjú hér á eftir.

Vinna við skrefin sjö:

1. Umhverfisnefnd:

Vel er skipað í umhverfisnefnd, flott að hafa einn nemanda úr hverjum árgangi. Eins og þið nefnið getur verið erfitt að virkja unglingana í grænfánastarfinu og er það áskorun sem stendur til að aðstoða skóla í gegnum. Breiður hópur starfsmanna er í nefndinni auk foreldris – mjög gott! Flott hversu reglulega er fundað og hnitmiðaðar fundargerðir skrifaðar.

2. Mat á stöðu umhverfismála:

Fínt að fylla gátlistinn út í upphafi tímabils til að meta stöðuna. Nú hafa verið gerðir nýir gátlistar fyrir hvert þema í verkefninu og eru sér listar fyrir eldri nemndur og sér fyrir yngri nemendur. Við hvetjum ykkur til að nota þá á næsta tímabili, sjá hér:

<http://graefaninn.landvernd.is/Thattaka/Umhverfisgatlisti>

3. Áætlun um aðgerðir og markmið:

Skólinn setti sér fín markmið og vann vel að þeim. Við hvetjum ykkur til að setja ný markmið upp í markmiðssetningareyðublað sem hefur verið útbúið og er hægt að hlaða niður af heimasíðunni, sjá hér: <http://graefaninn.landvernd.is/markmid>. Þetta auðveldar utanumhald með markmiðum og ætti að gera verkefnið skilvirkara.

4. Eftirlit og endurmat:

Staðan var tekin reglulega á umhverfisnefundarfundum sem er mjög gott. Ef markmiðin eru sett upp í markmiðssetningareyðublaðið auðveldar það eftirlit og endurmat, þ.e. að meta hvort verið sé að vinna að þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér.

5. Námsfærni og tenging við aðalnámskrá:

Mörg mjög góð verkefni hafa verið unnin og taka allir árgangar þátt í einhverju sem tengist Grænfánanum. Mig langar að benda á að í þessum lið leggjum við áherslu á að tengja verkefnið við grunnþætti aðalnámskrár og væri gaman að sjá skólann gera það, t.d. eru þættir eins og jafnrétti, lýðræði og mannréttindi órjúfanlegur hluti af sjálfbærni, en sjálfbærnimenntun er það sem Grænfánaverkefnið byggir á. Við hvetjum ykkur til að huga að þessu á komandi tímabili.

6. Að upplýsa og fá aðra með:

Skólinn hefur staðið sig vel í þessu eins og fram kemur í umræðu um 4. markmið, „að kynna vinnu okkar og gera hana sýnilega“. Við hvetjum ykkur til að halda áfram með þetta, skólinn gæti t.d. tengst nærsamfélaginu með virkari hætti, þ.e. fyrirtækjum, stofnunum, íbúum og foreldrum og kynnt stefnu sína í umhverfismálum á heimasíðu skólans (það vantar efni undir hlekkinn „umhverfisstefna“ á heimasíðunni).

7. Umhverfissáttmáli:

Mjög fallegur sáttmáli sem á vel við og gengur í raun óháð því að hverju þið stefnið hverju sinni – markmiðið er jú alltaf að hjálpast að við að varðveita jörðina okkar ☺ Punktarnir sem fylgja sáttmálanum eru í raun markmiðin sem skólinn vann að fyrst eftir að hann byrjaði í verkefninu. Sáttmálinn gengur vel einn og sér og svo breytast markmiðin ár frá ári. Endurvinnslulagið er skemmtilegur texti við lagið „Við erum söngvasveinar“. Þegar nýtt þema og markmið hafa verið valin á komandi tímabili væri hægt að bæta við erindi sem tengist þeim ☺

Heildarútkoma:

Skólinn stendur sig vel í verkefninu og hefur unnið að mörgum flottum verkefnum á tímabilinu. Við hvetjum ykkur til að vinna með markvissari hætti að verkefninu á komandi tímabili og halda þannig áfram ykkar góða starfi!

Að lokum:

Þið hafið náð þeim góða árangri að fá Grænfánann afhentan í fjórða sinn. Innilega til hamingju með það!

Þegar þið hafið fundið dag til afhendingar þá hafið þið samband.

Bestu kveðjur,

Katrín og Rannveig,
starfsmenn Landverndar